

UPPGRÆÐSLA (*LAND RECLAMATION*)

Við uppgræðslu þarf að velja tegundir/yrki með hliðsjón af aðstæðum og markmiði uppgræðslunnar. Svæði sem á að græða einkennast oft af frostlyftingu og næringarskortri og markmiðið er að binda yfirborðið. Yrki á þessum lista geta líka hentað til ræktunar grasflata, þar sem ekki er búist við mikilli umhirðu.

Ef óskað er eftir þekju samsumars má nota skammlífari tegundir og yrki úr túnræktar- og grasflatalista. Þau munu hopa fyrir innlendum gróðri.

Túnvingull (*Festuca rubra* L.)

Angela	DLFT	Ekki prófað á Íslandi.
Center	Inno.	Ekki prófað á Íslandi.
Cindy	Inno.	Ekki prófað á Íslandi.
Frigg	Gram.	Uppskerulítill, fremur gisin. Talin geta komið í stað Leik í Noregi. Ekki prófuð á Íslandi.
Koket	AS	Álitleg skv. norskum tilraunum. Fremur uppskerumikil. Ekki prófuð á Íslandi.
Leik	Gram.	Öflugt yrki til uppgræðslu, en verður gisið þar sem frostlyfting er.
Pernille	DLFT	Fremur fljótt til og myndar góða þekju, en er ekki vetrarþolið.
Sámur	LbhÍ	Myndar góða þekju og hamlar frostlyftingu sæmilega.
Wilma	SW	Ekki prófuð á Íslandi.

Vallarsveifgras (*Poa pratensis* L.)

Fylking	SW
Lavang	Gram.

Bæði yrkin eru harðger og þurrkþolin og mynda þéttan svörð.

Beringspuntur (*Deschampsia beringensis* Hult.)

Beringspuntur hefur reynst næstur melgresi í þoli á sandsvæðum. Hann er þurrk- og vetrarþolinn, en þolir frostlyftingu illa.

Origin Norcoast	LbhÍ
-----------------	------

Melgresi (*Leymus arenarius* L. Hochst.)

Fræi er safnað af nokkrum staðarafbrigðum og notað til að hefta sandfok.

Snarrótarpuntur (*Deschampsia caespitosa* L.)

Snarrót er ekki eftirsóknarverð í tún. Hún getur hins vegar auðveldlega sáð sér inn í tún bænda frá vegköntum. Þess vegna ætti ekki að nota hana á láglendi og alls ekki á svæðum þar sem lítið er af henni, t.d. austan Markarfljóts á Suðurlandi, Suðausturlandi og Vestfjörðum.

Jóra	LbhÍ	Staðarafrbrigði úr Flóanum.
Unnur	LbhÍ	Valið yrki.

Sauðvingull (*Festuca ovina* L. var. *duriuscula*)

Sauðvingull myndar þetta gróðurmottu, sem bindur yfirborðið vel og hamlar frostlyftingu betur en túnvingull. Lítið bitinn er líður á sumarið. Sauðvingull hentar líka vel í grasflatir, þar sem umhirða er lítil.

Bardur	Bar.	Fremur fljótt til og sæmilega vetrarþolið við erfið skilyrði.
Livina	Lip.	Hamlar frostlyftingu vel, verður bláleitt á haustin.
Quatro	Inno.	Fremur fljótt til og hamlar frostlyftingu vel. Ekki þolið við erfið skilyrði.

Alaskalúpína (*Lupinus nootkatensis* Donn ex Sims)

Niturbindandi tegund sem getur orðið kröftug í rýru landi, harðger og vetrarþolin tegund. Lúpína getur breytt gróðursamfélögum komist hún í þau. Tegundina ætti ekki að nota á hálendi eða í grennd við þjóðgarða og önnur friðlýst svæði.

Mela	LbhÍ / Lr	Óvalið íslenskt yrki.
------	-----------	-----------------------